

Mál nr. 39/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 10. febrúar 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hinn 24. október 2024 er hann var að saga trélista með bútsög. Stóð öryggishlíf vélarinnar á sér í miðju verki og lokaði ekki fyrir blaðið á söginni með þeim afleiðingum að sagarblaðið náði í ermi M og hendi hans dróst í blaðið. Við þetta hlaut M áverka á hendi. Vegna atviksins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Byggir M kröfu sína á því að X bar að tryggja góðan aðbúnað á vinnustað og sjá til þess að tæki og tól sem starfsmönnum sé gert að nota séu í góðu ásigkomulagi og að engin hætta stafi af þeim. Vísar M til skráðra og óskráðra reglna skaðabótaréttar sem og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Yfirmaður hans hafi átt sögina og hafi M ekki þekkt til þessarar tilteknu vélar þó hann hafi starfað við viðhald hjá X í einhvern tíma. Það eitt að sögin hafi verið CE merkt með öryggishlíf tryggi ekki að ásigkomulag hennar sé í lagi hverju sinni og óhætt sé að afhenda hana starfsmönnum sem ekki þekki til þessa tiltekna verkfæris til notkunar. Þá hafi X látið hjá líða að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Allan vafa um eiginleika sagarinnar og öryggishlífar verði að skýra X í óhag í ljósi þessa.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að óhjákvæmilega feli vinna með slíka sög í sér hættu. Sögin sé CE merkt og með öryggishlíf og hafði aldrei áður staðið á sér. M sé með iðnmenntun og hafi verið búinn að nota hana áður en atvikið varð með góðum árangri og því gátu yfirmenn hans ekki vitað annað en að sögin væri í góðu lagi. M hafði unnið við viðhald hjá X frá því í október 2016 og ætti að vera kunnugt um hættur þess að vinna með beittar sagir af hvaða tegund sem er. Telur V að umrætt atvik hafi verið óhappatilvik. X hafi ekki sýnt af sér gáleysi eða vanrækslu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Í málskoti er því haldið fram að slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins og að X hafi borið að gera það í ljósi þess að M var frá vinnu í um tvo mánuði eftir slysið. Hefur M ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður ekki annað ráðið en að ekki sé til staðar ágreiningur um málsatvik og því eru ekki efni til að víkja frá almennum reglum um sönnunarbyrði þó sannað væri að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína. Verður að mati nefndarinnar ekki talið X til sakar að hafa ekki prófað vélina eða öryggisbúnað hennar áður en M var falin notkun hennar. M hafði starfað við viðhald húsnæðis á vegum X frá árinu 2016 og má því gera ráð fyrir að hans þekking og reynsla hafi verið töluverð er kemur að notkun slíkra véla. Er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til sakar X eða aðila sem það ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafrænt undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir